

Þriðjudaginn 13. febrúar 1990.

Nr. 106/1988. **Sigurður Haukur Engilbertsson**

(Páll A. Pálsson hrl.)

gegn

rikissaksóknara og

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Gæsluvarðhald. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðrún Erlendsdóttir og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. apríl 1988 og krefst þess aðallega, að ríkissjóði verði gert að greiða sér 730.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr., sbr. 10. gr., vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. mars 1988 til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að viðurkenndur verði réttur sinn til bóta úr ríkissjóði vegna handtöku 24. júlí 1984, geymslu og gæsluvarðhalds á sér frá 25. júlí til 15. ágúst sama ár. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Loks krefst lögmaður áfrýjanda hæfilegra talsmannslauna fyrir Hæstarétti, hvernig sem máli lýktar.

Dómkröfur stefndu eru aðallega þær, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður. Þess er sérstaklega krafist, að varakröfu áfrýjanda verði vísað frá dómi.

Lögmenn málsaðila hafa lagt fyrir Hæstarétt ný gögn, er eigi lágu fyrir í héraði.

Með bréfi 17. febrúar 1988 óskaði áfrýjandi þess, að yfirsakadómariinn í Reykjavík úrskurðaði um rétt sinn „á hendur ríkissjóði til bóta“ vegna handtöku sinnar 24. júlí 1984 og gæsluvarðhalds í framhaldi af henni allt til 15. ágúst sama ár, er honum var gert að sæta með úrskurðum sakadóms Reykjavíkur 26. júlí og 8. ágúst 1984 og staðfestir voru með dómum Hæstaréttar 31. júlí og 13. ágúst sama ár.

Í bréfi ríkissaksóknara 18. ágúst 1987 til lögmanns áfrýjanda segir m.a.: „Sú rannsókn, sem lá til grundvallar úrskurðum um gæsluvarðhald Sigurðar Hauks Engilbertssonar, leiddi ekki til útgáfu ákæru á hendur honum.“

Krafa áfrýjanda var sett fram með vísan til 1. töluliðar 154. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og innan þess frests, sem í 157. gr. greinir. Í 150. gr. sömu laga koma fram skilyrði þess, að bótakröfu megi taka til greina, þar á meðal, að fremur megi telja sökunaut sýknan en sekan af háttsemi þeirri, er hann var borinn.

Áfrýjandi var í öndverðu handtekinn og gert að sæta gæsluvarðhaldi vegna grunar um brot gegn 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og um sölu fíkniefna. Fljótlega kom í ljós, að annar maður hafði ritað skjal það, er áfrýjandi var grunaður um að hafa ritað. Enginn þeirra, er ákæru sættu vegna brots á téðum hegningarlagaákvæðum, bar um hlutdeild áfrýjanda í því, en einn þeirra bar, að áfrýjandi hefði selt sér fíkniefni. Áfrýjandi neitaði staðfastlega öllum sakargiftum, en tókst hins vegar ekki að gera fullnægjandi grein fyrir fjárreiðum sínum, þar á meðal því, hvernig honum var kleift að greiða samtals 180.000 krónur upp í skuldir frá því í febrúar fram í júlí 1984. Telja verður gæsluvarðhaldsvist hans hafa orðið lengri af þeim sökum. Þetta verður þó ekki talið standa því í vegi, að áfrýjandi verði fremur talinn sýkn en sekur af þeirri háttsemi, er hann var borinn. Ber honum því réttur til bóta úr ríkissjóði, sem með hliðsjón af ófullnægjandi gögnum um atvinnutjón hans þykja hæfilega ákveðnar 50.000 krónur.

Krafa um greiðslu útlagðs lögfræðikostnaðar, að fjárhæð 30.000 krónur, er ekki vefngd tölulega og verður dæmd með málskostnaði.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda 50.000 krónur með dráttarvöxtum og málskostnaði, svo sem í dómsorði greinir. Við ákvörðun málskostnaðar er tekið tillit til söluskatts og virðisaukaskatts.

Það athugast, að ákvæði um gjafsókn í 3. tölulið 154. gr. laga nr. 74/1974 tekur ekki til meðferðar máls samkvæmt 1. tölulið sömu lagagreinar.

D ó m s o r ð:

Stefndu, ríkissaksóknari og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Sigurði Hauki Engilbertssyni, 50.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr. sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. mars 1988 til greiðsludags og 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Með vísan til niðurlagsákvæðis 2. tl. 1. mgr. 150. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála þykir breyta skilyrði til þess að dæma áfrýjanda bætur fyrir gæsluvarðhaldsvist hans. Ber því að sýkna stefndu af kröfum áfrýjanda í máli þessu.

Ég tel rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 28. mars 1988.

Ár 1988, mánudaginn 28. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ólafi Berki Þorvaldssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Páll Arnór Pálsson hrl. hefur snúið sér til dómsins og gert þá kröfu f.h. Sigurðar Hauks Engilbertssonar, Básenda 2, Reykjavík, fædds 9. júlí 1958 í Reykjavík, að honum verði úrskurðaðar bætur úr ríkissjóði skv. 150. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74,1974, vegna þess að Sigurður Haukur var handtekinn 24. júlí 1984 og úrskurðaður í gæsluvarðhald frá 26. júlí 1984 til 15. ágúst 1984 með úrskurðum sakadóms Reykjavíkur, þeim síðari kveðnum upp 8. ágúst 1984. Sigurður Haukur sat inni fullan úrskurðartíma, en ekki var ákært vegna hinna meintu brota.

Bótakröfuna sundurliðar lögmaðurinn þannig:

1. Bætur vegna vinnutaps 24.7.'84-7.9.'84	kr. 100.000
2. Miskabætur	— 600.000
3. Útlagður lögfræðikostnaður	— 30.000
Samtals	kr. 730.000

Dómarinn sendi kröfu lögmannsins til umsagnar ríkissaksóknara, og barst svar frá honum þann 1. mars sl., þar sem rétti Sigurðar Hauks Engilberts-

sonar til bóta var mótmælt. Þetta svar er svo áréttað í þinghaldi þann 28. mars 1988.

Málavextir eru þessir:

Sumarið 1984 rannsakaði RLR óheimila töku verðmæta úr vörslu skiptaréttar Reykjavíkur. Var þannig að þessum brotum staðið, að bankabókum var stolið úr vörslum réttarins og tekið út af þeim á tímabilinu 9. febrúar 1984 - 2. júlí 1984. Fé það, sem þannig var fengið, var samtals kr. 1.395.000 á þágildandi verðlagi.

Við rannsókn málsins féll grunur á Ingólf Ingólfsson Sigurz, fæddan 11.2.1957. Úrskurður um húsleit og handtöku var kveðinn upp í sakadómi Reykjavíkur aðfaranótt 9. júlí 1984, en Ingólfur var úrskurðaður í gæsluvarðhald þann 11. júlí 1984 til 1. ágúst 1984. Varðhaldið var svo framlengt til 29. ágúst 1984.

Úrskurður um handtöku Kristjáns Aðalsteinssonar, fædds 4.11.1957, og um húsleit því samfara var kveðinn upp í sakadómi Reykjavíkur 12. júlí 1984 og um gæsluvarðhald í sama dómi daginn eftir, og skyldi það standa til 1. ágúst 1984. Kristján kærði úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands, og var hann staðfestur þar. Gæsluvarðhald hans var seinna framlengt tvívegis, fyrst til 29. ágúst og aftur til 19. september 1984.

Þá var Gunnar Helgi Helgason, fæddur 21. maí 1957 í Reykjavík, hnepptur í gæsluvarðhald með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 29. júlí 1984, og átti gæsluvarðhaldið að standa til 1. ágúst 1984. Gunnari var sleppt 30. júlí s.á.

Enginn þessara manna bar um aðild Sigurðar Hauks Engilbertssonar að töku fjárins, hins vegar kvaðst Ingólfur Sigurz í skýrslu hjá lögreglu þann 23.7.1984 hafa greitt Sigurði Hauki skuld með fé því, sem hann varð sér úti um með áðurnefndum brotum sínum, auk þess að hafa á tímabilinu frá febrúar til byrjunar júní 1984 keypt amfetamín af Sigurði Hauki fyrir u.þ.b. 40-50 þúsund krónur.

Sigurður Haukur var handtekinn vegna þessa máls fyrst þann 9.7.1984, en sleppt daginn eftir. Sigurður var svo handtekinn aftur 24.7.1984. Sigurður neitaði við yfirheyrslur að vera viðriðinn málið og mótmælti handtökunni. Þann 25. júlí 1984 fór RLR fram á, að Sigurði yrði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 8. ágúst 1984 kl. 17.00. Var fallist á þá kröfu RLR með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, kveðnum upp 26. júlí 1984. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar Íslands, sem staðfesti hann með skírskotun til forsendna hans.

Í forsendum hins kærða úrskurðar kemur fram, að Sigurður Haukur hafði sætt gæsluvarðhaldi frá 29. nóvember 1983 til 2. febrúar 1984 vegna rannsóknar fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík á stórfelldu fíkniefnasmygli með m/s Lagarfossi. Sigurður viðurkenndi við yfirheyrslur að

hafa fengið stórar fjárhæðir lánaðar, sem hann notaði ásamt Kristjáni Aðalsteinssyni til fíkniefnakaupa í Hollandi. Kvaðst Sigurður við yfirheyrslur fyrir dómi hafa skuldað á fimmta hundrað þúsund krónur, þegar honum var sleppt úr gæsluvarðhaldi í febrúar 1984, en hafa greitt um 220.000 krónur af því. Samkvæmt skýrslu Sigurðar námu tekjur hans á tímabilinu, frá því að hann losnaði úr varðhaldi í febrúar, samtals 230-260 þúsund krónum. Sigurður neitaði því staðfastlega að hafa selt Ingólfi Sigurz fíkniefni á tímabilinu frá febrúar til júní 1984.

Þá kemur einnig fram í forsendum úrskurðarins, að hinn 10. febrúar 1984 hafi Sigurður greitt 25.000 krónur inn á fjárkröfu, sem var til innheimtu hjá lögmanni í Reykjavík, en daginn áður var fyrst tekið út úr bankabók, sem tekin hafði verið úr vörslu borgarfógetaembættisins. Þá segir einnig, að við samanburð á rithendi Sigurðar og úttektarseðlinum komi til álita, að Sigurður hafi ritað nafn þess, sem sagður er taka út úr bókinni. Sigurður greiddi aftur 25.000 krónur inn á fyrrnefnda kröfu hinn 6. mars 1984, en önnur úttekt úr bankabók var 28. febrúar 1984. Næst greiddi Sigurður 25.000 krónur 10. apríl 1984, en daginn áður var í þriðja sinn tekið út úr bankabók í vörslu borgarfógetaembættisins. Loks greiddi Sigurður 25.000 krónur inn á sömu kröfu 30. maí 1984, en daginn áður var í fimmta sinn tekið út úr margnefndum bankabókum.

Þann 8. ágúst 1984 gerði RLR þá kröfu, að gæsluvarðhaldsvist Sigurðar yrði framlengd allt til 15. ágúst 1984 kl. 17.00. Félld sakadómur Reykjavíkur á þessa kröfu, en Sigurður kærði úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands, sem staðfesti hinn kærða úrskurð með skirskotun til forsendna hans.

Forsendur þessa úrskurðar eru svipaðar og forsendur hins fyrri úrskurðar, þó kemur fram, að tveir þeirra manna, sem Sigurður kvað hafa greitt sér skuldir á árinu 1984, samtals kr. 22.000, kváðust ekki hafa gert það. Einnig var við ákvörðun um framhaldsgæsluvarðhald höfð hliðsjón af lögum um ávana- og fíkniefni, þar sem Sigurður var einnig grunaður um brot gegn þeim, en í þau hafði ekki verið vitnað í fyrri úrskurði.

Eins og áður sagði, var Sigurður Haukur Engilbertsson úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna grunar um, að hann hefði að einhverju leyti notið þess fjár, sem fékkst við áðurnefnd brot. Var sá grunur rökstuddur með því að líta til þess, hvenær Sigurður innti af höndum greiðslur til lánardrottna. Auk þess var ekki talið, að Sigurður gerði nægjanlega skýra grein fyrir fjármálum sínum. Þá bar Ingólfur Ingólfsson Sigurz staðfastlega upp á Sigurð, að hann hefði selt sér á tímabilinu frá febrúar til 1. júní 1984 fíkniefni fyrir 40.000-50.000 krónur.

Eins og gögnum er háttað, voru meiri líkur á sekt en sakleysi Sigurðar, og bar því nauðsyn til framangreindrar handtöku og gæsluvarðhaldsvistar

í framhaldi af því, og er því rétt skv. niðurlagsákvæði 2. tl. 1. mgr. 150. gr. laga um meðferð opinberra mála að hafna kröfunni.

Lögmansþóknun Páls Arnórs Pálssonar hrl. fyrir störf hans í máli þessu þykir hæfilega ákveðin kr. 20.000 og greiðist úr ríkissjóði, en um annan kostnað vegna málsins er ekki að ræða.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu Sigurðar Hauks Engilbertssonar um bætur skv. XVIII. kafla laga nr. 74, 1974, er hafnað.

Þóknun Páls Arnórs Pálssonar hrl. fyrir störf hans í máli þessu, kr. 20.000, skal greiðast úr ríkissjóði.
